

María Guðmundsdóttir  
Orkustofnun  
Grensásvegur 9  
108 Reykjavík

Garðabær, 8. maí 2024  
Málsnúmer: 202404-0036  
IAS

### Efni: Rannsóknarleyfi á jarðhita sunnan við Bolaöldu.

Vísað er í erindi frá Orkustofnun frá 17. apríl 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Reykjavík Geothermal um rannsóknarleyfi á jarðhita sunnan við Bolaöldu.

Tilgangurinn er að afla nægjanlegra upplýsinga til að meta möguleika á nýtingu jarðhita til varma- og raforkuframleiðslu og annarra hliðargreina þannig að jarðhitinn nýtist sem best. Rannsóknirnar miða að því að meta stærð og útbreiðslu möguleiks jarðhitageymis, hitastig þess, efnasamsetningu, dýpi og orkumöguleika væntanlegs jarðhitageymis, Rannsóknirnar skiptast í yfirborðsrannsóknir og tilraunaboranir ef yfirborðsrannsóknir gefa jákvæðar niðurstöður og leyfi fást.

Rannsóknarleyfið er hugsað sem framhald á fyrra rannsóknarleyfi RG númer OS-2018-L022-02, þar sem mögulegt jarðhitasvæði er að finna suðvestur hluta þess svæðis. Vonast er til að með útvíkkun á því rannsóknarsvæði megi afmarka betur legu þessa jarðhita möguleika. Ekki er sótt um leyfi fyrir tilraunaboranir og lítið sem ekkert rask er talið verða vegna fyrirhugaðra rannsókna.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt umsóknina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fyrirhugað rannsóknarsvæði, um 50 km<sup>2</sup>, er skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi. Það er nánast allt á nútímahraunum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Þetta eru Svínahraunsbruni frá árinu 1000, Leitahraun og Heiðin Há og samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar er eitthvað um hraunhella á svæðinu sem einnig njóta verndar. Svínahraunsbruni er einnig á náttúruminjasrá, svæði nr. 753, Eldborgir við Lambafell. Þá er rannsóknarsvæðið innan fjarsvæðis vatnsverndar og nánast ekkert rask er á svæðinu. Reiðleið liggur í gegnum svæðið frá Geitafelli að Fjallinu eina en ekki eru neinir vegir á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn veitingu rannsóknarleyfis með þeim rannsóknaraðferðum sem lýst er í umsókninni en bendir á að ef farið verður í nýtingu á svæðinu síðar mun sú nýting valda verulegum spjöllum á lítt röskuðum nútímahraunum á óbyggðu svæði. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að áform um virkjun jarðhita á svæðinu sé ekki æskileg vegna nálægðar við náttúruminjar með hátt verndargildi og vegna áhrifa á landslag.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

